## Opnunarávarp:

# Sýningin Ólga á Kjarvalsstöðum



**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir**
fyrrv. borgarstjóri og ráðherra

Velkomin á Ólgu, sýningu sem opnar okkur sýn á frumkvæði kvenna í íslenskri myndlist á níunda áratugnum. Heitið á sýningunni vísar að sjálfsögðu til þess að ólga brýtur sér yfirleitt leið. Hún byggist upp – hægt, stöðugt og óstöðvandi – og magnast þar til hún brýst fram og í gegnum þær hindranir sem verða í vegi hennar. Þetta er eins og heit kvikan sem safnast undir Svartsengi og þegar hún er orðin nógu mikil þá er ekkert sem getur stöðvað hana frá því að brjótast upp á yfirborðið.

Sýningin Ólga endurspeglar þetta ferli og þessa stund í íslenskri myndlist og varpar ljósi á orku og nýsköpun kvenna í myndlist á níunda áratugnum. Þá börðust listakonurnar gegn viðteknum venjum, ögruðu útilokandi frásögnum, tóku sér pláss og mótuðu eigin rými til sköpunar og tjáningar. Þetta varð ekki til sem skyndileg hugdetta heldur var afrakstur margra ára aktívisma, listrænnar elju og látlausrar sköpunar – þetta var uppsöfnun hugmynda, aðgerða og samstarfs sem endurmótaði landslag samtímalistar á Íslandi.

Níundi áratugurinn var um margt mjög merkilegur og það gaus á ýmsum vígstöðvum. Ólgan meðal listakvenna endurspeglaði þá ólgu sem hafði byggst upp hjá konum á ýmsum sviðum samfélagsins sem fannst sér of þröngt sniðinn stakkur og gerðu kröfur um aukið rými. Rauðsokkahreyfingin ruddi brautina en kvennafrídagurinn í október 1975 var eins og stórt gos á flekaskilum sem leiddi af sér fjöldann allan af minni gosum og jarðskjálftum. Það gaus í menningu, listum og í pólitíkinni. Vigdís var kosin forseti og Kvennaframboðin urðu til og ögruðu viðteknum hugmyndum og hefðbundnu pólitísku valdakerfi. Þessar jarðhræringar leiddu af sér mjög frjóar umræður sem fundu sér m.a. leið upp á yfirborðið í gegnum femíniska



Mynd: Listasafn Reykjavíkur

tímaritið Veru sem margar þeirra sem sýna verk hér í dag unnu að eða lögðu lið.

Allan áratuginn létu listakonur um sig muna og nýttu öll tækifæri sem gáfust til að vinna nýjar lendur. Þær sýndu margvíslegt frumkvæði, stofnuðu hópa, tóku þátt í alþjóðlegum samskiptum og skipulögðu sýningar sem ögruðu hefðbundnu stigveldi rétt eins og kvennapólitíkin. Þær gerðu tilraunir þvert á miðla, neituðu að láta aðra skilgreina sig og tókust á við viðfangsefni eins og kyn, sjálfsmynd, líkama og umhverfi og víkkuðu út möguleika listsköpunar. Verk þeirra voru pólitísk og persónuleg í anda þessara tíma þegar við lögðum áherslu á að hið persónulega væri pólitískt.

Verkin voru róttæk og ígrunduð og endurspegluðu jafnt lífsreynslu þeirra sjálfra sem og þær menningarbreytingar sem urðu í kringum þær. Þannig fönguðu þær reynsluheim kvenna í verkum sínum – en það var nýyrði á þessum tíma – og sýndu og sönnuðu að hann átti bæði fullt erindi og samleið með heimi myndlistarinnar.

Á sýningunni eru verk eftir níu konur sem fetuðu sig eftir og umbreyttu hinum hefðbundna vettvangi myndlistarinnar. Þessar konur tóku sér rými og nærvera þeirra og þrautseigja stuðlaði að víðtækri femínískri hreyfingu sem skapaði þeim ekki aðeins pláss heldur efldi listsköpun kvenna, endurmótaði orðræðuna um sýnileika, framsetningu og menningarleg áhrif. Þar sem áður voru lítt sýnilegir vegslóðar fyrir listakonur að feta sig eftir ruddu þær þokkalega greiðfærar brautir.

Ólga býður ekki upp á heildaryfirlit heldur viðurkenningu á þessu mikilvæga og bjartsýna tímabili og varanlegum áhrifum þessara listakvenna á íslenska samtímalist, söfn og stofnanir. Þær hafa haft mikil áhrif á íslenska listasögu þó að það vefjist kannski fyrir einhverjum að viðurkenna það. Þær mótuðu ákveðinn jaðar í listasögunni sem síðar hafði áhrif á meginstrauminn og margir gerðu að sínum án þess að vita hvernig það var til komið. Þessi sýning er í senn hugleiðing og ákall – um að endurskoða, viðurkenna og halda áfram samtali um framlag kvenna og hvernig verk þeirra birtast og hljóma enn í dag.

Ég þakka Listasafni Reykjavíkur fyrir að beita sér fyrir rannsókn á framlagi kvenna til íslenskrar listasögu en þetta er þriðja og síðasta verkefnið sem kemur til framkvæmda. Það er mér sannur heiður að fá að opna þessa sýningu formlega. Takk fyrir og gjörið þið svo vel.



◀ Nokkrir borgarstjórar við opnun sýningarinnar Ólgu á Kjarvalsstöðum: Dagur B. Eggertsson (2007-2008 & 2014-2024), Heiða Björg Hilmisdóttir (2025-), Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (1994-2003), Steinunn Valdís Óskarsdóttir (2004-2006) og Þórólfur Árnason (2003-2004).
Mynd: Listasafn Reykjavíkur

*Erindið var flutt 22. febrúar 2025.*